



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2014

Efni: Viðbótarumsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 30. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 30

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) sendu inn umsögn um framangreint frumvarp, dags. 28. október sl. þar sem almennt var mælt með samþykkt frumvarpsins. Frumvarpið felur í sér tillögu að breytingu á 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrirséttinda og starfsemi lífeyrissjóða og felur í sér tillögu um að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Í fyrrgreindri umsögn láðist að benda á að rétt sé að gera sambærilega breytingu á a. lið 1. mgr. 36. gr. laganna sem varðar fjárfestingarheimildir vörluaðila séreignarsparnaðar. Með umsögn þessari er þeirri ábendingu komið á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri